



Björn Snorrason
Ingibjörg Harðardóttir
Björk II
805 Selfoss

Selfoss
2.10.2025

Efni: Tilkynning um fyrirhugaða niðurfellingu Bjarkarveg (3759-01) af vegaskrá

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega og hefur það hlutverk skv. 7. gr. vegalaga nr. 80/2007, að halda vegaskrá sem er skrá yfir alla þjóðvegi. Með bréfi þessu vill Vegagerðin vekja athygli á ákvæði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga, um héraðsvegi sem er einn flokkur þjóðvega:

Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar. Jafnframt er heimilt að taka í tölu héraðsvega vegi að sumarbústaðahverfum sem tengja að minnsta kosti 30 bústaði við þjóðveg.

Síða 1/1

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar er vegurinn merktur sem einkavegur. Einkavegir eru vegir sem hvorki teljast þjóðvegir né sveitarfélagsvegir og eru í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 774/2010 um héraðsvegi, með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 8. gr. vegalaga, er Vegagerðinni skylt að fella veg úr tölu héraðsvega og afskrá úr vegaskrá uppfylli hann ekki lengur skilyrði vegalaga um þjóðvegi. Með vísan til þess er áformað að fella Bjarkarveg (3759-01) af vegaskrá frá og með næstu áramótum og mun viðhald og þjónusta hans ekki lengur vera á ábyrgð Vegagerðarinnar frá þeim tíma.

Hér með er gefinn kostur á að koma að athugasemdum við hina fyrirhuguðu ákvörðun og skulu þær berast Vegagerðinni, feb@vegagerdin.is innan fjögurra vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

Afrit: gogg@gogg.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar.
Freydís Edda Benediktsdóttir

Undirskrift

Freydís Edda Benediktsdóttir

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

[vegagerdin](http://vegagerdin.is)
@vegagerdin.is